

# NORÐURLJÓŚ

Fréttabréf Norðuráls

2. tbl. 28. febrúar 2012. Ritstjórar: Rakel Heiðmarsdóttir & Trausti Gylfason. Ábyrgð: Ágúst F. Hafberg. Umsjón: Skessuhorn ehf.

Ritnefnd: Aðalheiður Skarphéðinsdóttir, Ása Birna Viðarsdóttir, Ásmundur Jónsson, Birna Björnsdóttir, Bjarni I. Björnsson, Brian D. Marshall og Sverrir Guðmundsson. Myndir: Ása Birna Viðarsdóttir, Þórhallur Ásm. o.fl.



Menn stinga saman nefjum í dagsins önn og ræða málefni dagsins, Pétur Jóhannesson á vélaverkstæðinu og Björn Hilmarrson á rafmagnsverkstæðinu. Ljósmynd: Ása Birna Viðarsdóttir.

## Nokkur orð frá framkvæmdastjóra

### Kæra samstarfsfólk

Innleiðing á öruggu atferli hefur gengið vel. Það er sannarlega ánægjulegt að sjá þann metnað og kraft sem starfsmenn hafa sýnt verkefninu og innleiðingu þess. Í byrjun mánaðarins kom Beth Howard frá Aubrey Daniels International í heimsókn til okkar en hún er að aðstoða okkur við innleiðinguna á öruggu atferli. Beth hitti fjölda starfsmanna og sagði að við værum komin vel á veg með innleiðinguna og lengra en gengur og gerist í öðrum fyrirtækjum á þeim stutta tíma sem liðinn er síðan byrjað var á verkefninu. Strax eftir áramótin voru hópar byrjaðir að meta frammistöðu í öryggishegðun og um miðjan

mánuðinn fóru hópar að ná 100% árangri, þ.e. höfðu náð fullu skori í 21 dag/vakt. Þegar þessi orð eru skrifuð hafa „A-vakt stækkun“, efnisvinnsluhópurinn, deigluhreinsun og farartækjaverkstæðið náð 100% árangri og óska ég þeim til hamingju með þann glæsilega árangur. Ég vænti þess að allir starfsmenn séu nú orðnir þátttakendur á einn eða annan hátt en það er lykillinn fyrir því að öruggt atferli nái fótfestu hjá okkur. Framleiðsla janúarmánaðar bar merki straumrofsins sem varð þriðjudaginn 10 janúar. Eins og áður hefur komið fram var kerlína 2 úti í þrjár og hálf klukkustund og kerlína 1 í um

þrjár klukkustundir. Þegar rafmagn komst á að nýju fengum við aðeins um 60% orkunnar sem við notum í um átta klukkustundir. Eftir að við fengum fulla orku var straumur aukinn rólega og starfsmenn kerskála sinntu frávikum í kerrekstri sem upp komu. Það tók rúma þrjá sólarhringa að ná fullum straumstyrk að nýju og þrátt fyrir mikinn óróleika þurfti ekki að frátengja neitt ker sem er glæsilegur árangur og ber vott um hæfni og þrautseigju starfsmanna Norðuráls. Starfsemi kerskálans er nú kominn í hefðbundnar skorður.

Með kveðju  
Gunnar Guðlaugsson



# Ár liðsheildar

Árið 2012 er tileinkað liðsheild hjá Norðuráli. Það hlýtur að bjóða upp á ótal tækifæri.

Hvað er liðsheild á vinnustað?

Er það virðing fyrir vinnustaðnum okkar? Er það að vinna að sameiginlegum verkefnum sem lögð eru fyrir okkur í vinnunni? Er það væntumþykja á milli samstarfsmanna? Eða, er það gleðskapur með nánustu samstarfsmönnum okkar og jafnvel fjölskyldum þeirra? Eða, er það kannski virðing fyrir nánasta vinnuumhverfi okkar og jafnvel öðrum deildum? Eða allt hér að framan?

Liðsheild byggist að mestu leiti upp á því að við vinnum öll saman. Deildir fyrirtækisins þurfa allar hver á annarri að halda. Skautsmiðja sér kerskála fyrir skautum í kerin, kersmiðja sér

kerskála fyrir endurnýjun kera. Kerskáli sendir svo fljótandi ál í steypuskála sem steypir álið og setur í gáma svo hægt sé að selja það. Viðhaldssvið sér um að farartæki og búnaður sé í lagi og innkaupadeild sér okkur fyrir varahlutum og aðföngum. Skrifstofan sér um að senda og greiða reikninga og borga okkur launin. Þannig erum við öll eitt stórt batterí og því þurfum að vinna sem best saman. Ýmsar uppástungur hafa komið fram til þess að efla liðsheildina s.s. heimsóknir og kynningar á milli deilda, uppbyggjandi hádegisfyrirlestrar og skemmtilegar uppákomur bæði úti og inni auk klúbbakynninga.

Það sem gæti gefið okkur bestan árangur er sú hugsun hjá hverjum og einum: Hvað get ÉG lagt að mörkum til þess að gera vinnustaðinn

minn, Norðurál, að betri og eftirsóknarverðari vinnustað? Og hvernig get ÉG eftir liðsheildina? Við sem gáfum kost á okkur til þess að vinna að þessu verkefni af fúsum og frjálsum vilja höfum kannski ekki gert okkur grein fyrir því í upphafi hve stórt þetta verkefni er, en ég held að við séum öll sammála um að vinna að því



af heilum hug að gera okkar besta í því að efla liðsheildina hjá Norðuráli.

Þeir sem vilja koma með tillögur að efni eða vilja koma góðum málum á framfæri setji sig í samband við nefndina.

Alla, steypuskála, adalheidur@nordural.is  
Birna, kerstjórn, birna@nordural.is  
Frantz, kranaverkstæði, frantz@nordural.is  
Guðjón, kersmiðju, lisbetaudur@gmail.com  
Inga, bókarí, ingab@nordural.is  
Sigurður, fartækjaverkstæði, sigurdur@nordural.is  
Jakob, skautsmiðju, kobbi.79@gmail.com

*Aðalheiður Skarphéðinsdóttir*



## Öruggt atferli

Innleiðing á öruggu atferli gengur vel á öllum svæðum. Sífelld fleiri starfsmenn eru þátttakendur og er kappkostað að ná sem bestum árangri og tryggja framvindu verkefnisins. Segja má að verkefnið sé komið vel á veg og þakka ber duglegum stuðningsfulltrúum deildanna sem hafa unnið gott starf. Eins ber að þakka kjarnateyminum sem hafa staðið sig vel en eitt mega þessir einstaklingar vita að þeir eru brautryðjendur, ekki bara innan Norðuráls, heldur einnig innan Century Aluminum þetta kerfi verður t.d. tekið upp í Hawesville í lok ársins eða byrjun þess næsta.

*Trausti Gylfason*



Á myndinni er kjarnateymið úr skautsmiðjunni sem var með hópefli til að styrkja hópinn. Talið frá vinstri: Sigurrós M. Sigurbjörnsdóttir, Anna Eiríksdóttir, Anton Guðmundsson, Jakob Ingi Helgason, Sigríður Sigfúsdóttir, Hannes Stefánsson, Benedikt Hólm Hauksson, Þórður Sölvason, Sverrir Guðmundsson vaktstóri (ekki í kjarnateyminu), Jón Sæmundsson og Halldór Ólafsson sem er stuðningsfulltrúi í skautsmiðjunni.





**Starfsmenn á Umhverfis- og verkfræðisviði. Fremri röð frá vinstri: Rafn Jónsson, Sævar Pálsson, Bjarni Ingi Björnsson, Erling Guðnason og Harpa Hrönn Davíðsdóttir.**

**Aftari röð: Ásgeir Sævarsson, Guðrún Birgisdóttir, Ása Birna Viðarsdóttir, Steinunn Dögg Steinsen, Þorgerður Pálsdóttir, Snæbjörn Kristjánsson, Ólafur A Friðriksson, Guðmundur Eliasson og Einar F Björnsson.**

## Umhverfis- og verkfræðisvið Norðuráls:

# Umhverfismál, rannsóknir og tækniþjónusta helstu verkefni

**H**já Umhverfis- og verkfræðisviði Norðuráls starfa fjórtán manns; fimm konur og níu karlar að meðtöldum framkvæmdastjóra sviðsins, Einari Friðgeiri Björnssyni. Einar hóf störf hjá Norðuráli 2002 eftir að hafa stundað nám í véltækni- og vélaverkfræði í Danmörku þaðan sem hann útskrifaðist árið 1997. Hann kom til starfa á tæknideildinni en sinni starfi viðhaldsstjóra áður en hann tók við framkvæmdastjórn á umhverfis- og verkfræðisviði fyrir rúmu ári. Á deildinni hvílir í stórum dráttum sú ábyrgð að hafa eftirlit með og vakta losun efna frá verksmiðjunni, annast greiningar á gæðum áls og raflausnar og veita tæknilega aðstoð til annarra deilda innan fyrirtækisins.

Eftirfarandi upplýsingar komu fram á samtali við Einar Friðgeir Björnsson framkvæmdastjóra Umhverfis- og verkfræðisviðs.

### Umhverfismálin

Starfið gagnvart umhverfismálunum skiptist í tvo þætti. Steinunn Dögg Steinsen fylgdist með og heldur utan um losun efna frá verksmiðjunni við útblástur og förgun. „Við verðum að tryggja að losun frá framleiðsluvæðum og reykheinsvirkjum sé samkvæmt starfsleyfi og að við séum að starfa á ábyrgan hátt,“ segir Einar Friðgeir. Hann segir skipta miklu máli fyrir starfsmenn kerskála að losun sé sem minnst við daglega vinnu og að brugðist sé fljótt við bilunum í búnaði. Verði frávik á losun umfram það sem tilgreint er í starfsleyfi þurfi að tilkynna

það yfirvöldum og nærsamfélaginu til að sinna upplýsingaskyldu.

Hinn hluti umhverfismálanna er umhverfisvöktun utan verksmiðjувæðis, en þann hluta hefur Erling Guðnason séð um. Norðurál er í samstarfi við Elkem með umhverfisvöktun á Grundartangasvæðinu. Þar er fylgst með losun flúors og brennisteinsdíoxíðs á þynningarsvæði og næsta nágrenni. Hægt er að lesa um umhverfisvöktunina og niðurstöður hennar frá fyrri árum á heimasíðu Norðuráls. „Einnig skilum við grænu bókhaldi. Þar eru upplýsingar um allt sorp og úrgang sem fer frá verksmiðjувæðinu, vigtað og greint,“ segir Einar. Þær upplýsingar má einnig finna á heimasíðu Norðuráls fyrir síðustu ár.

### Rannsóknastofan

Á rannsóknastofu starfa þrír að staðaldri; Harpa, Guðrún og Erling sem er deildarstjóri. Þeirra verkvið er að undirbúa og framkvæma greiningar, tryggja að þær gangi vel fyrir sig og að greiningarbúnaðurinn sé í góðu ásigkomulagi. Auk þess halda þau utan um niðurstöður og miðla þeim til réttara aðila. Gæði áls og raflausnar er greint til að fylgjast með ástandi kera í rekstri. Starfsfólk kerskála tekur sýni úr hverju keru tvisvar í viku hvað báða þætti varðar og sjá starfsmenn rannsóknastofu um að undirbúa sýnin fyrir greiningar í sjálfvirkum greiningartækjum. Hér skiptir miklu máli að gæði sýnanna séu góð frá kerskála því annars þarf að endurtaka sýnatöku úr kerum.

Þegar deiglar koma með ál í steypuskála taka starfsmenn kerskála sýni og koma í greiningu. Einnig eru greind álsýni frá steypuskálanum þar sem gæði framleiðslunnar eru metin og staðfest. Þar sjá starfsmenn steypuskálans um framkvæmd greiningar en starfsmenn rannsóknastofu staðfesta gæðin.

### Tækniþjónustan

Tækniþjónustan er eitt af meginverkefnum starfsfólks Umhverfis- og verkfræðisviðs. Þar starfar Ólafur sem sérfræðingur í áreiðanleikaviðhaldi og hefur yfirumsjón með áreiðanleikaviðhaldi innan verksmiðjunnar. Einnig starfa Ásgeir og Snæbjörn sem sérfræðingar á sviði áreiðanleikafræða. Þeirra störf spinnast mikið með fulltrúum viðhalds og framleiðslu. Til að sinna almennri tækniþjónustu innan verksmiðjunnar, með aðkomu að margvíslegum málefnum, starfa Guðmundur og Rafn sem sérfræðingar vélbúnaðar og Bjarni Ingi sem sérfræðingur stýringa og rafbúnaðar. Sævar hefur umsjón með viðhaldi á byggingum og útisvæðum. Hann hefur einnig aðkomu að fjárfestingum gagnvart samskiptum við verkkaupa og stýrir verkefnum. Þorgerður hefur umsjón með fjárfestingum. Hún annast þar samskipti við móðurfélagið, Century Aluminum, og er í samskiptum við verkefnastjóra sem stjórna verkefnunum sem fjárfestingarnar ná til. Síðust en ekki síst er Ása Birna sem annast skjalavörslu, miðlun og samskipti varðandi teikningar og uppfærslu á teikningum.

# HELGUVÍK



Willy að stöfum á Grundartanga fyrir nokkrum árum.

## Ef dagurinn entist ekki var nóttin eftir

**E**inn traustasti starfsmaður Norðuráls um langt skeið, eða frá því snemma árs 1999, er Willy Kristensen. Willy er norskur að ætt og uppruna, kom hingað á sínum tíma að beiðni þáverandi forstjóra Norðuráls á Grundartanga Björns Högdal. Síðustu þrjú árin hefur Willy starfað við uppbyggingu álversins í Helguvík, en á dögnum hvarf hann á braut til Bandaríkjana. Þar verður hans verkefni að þjálfa og aðstoða starfsmenn í framleiðsludeildum álversins í Hawesville, auk annarra verkefna hjá Century í Bandaríkjunum. Að þeim loknum áformar Willy að koma aftur til starfa á Íslandi.

Ef einhver hefur haldið að þessi geðþekki Norðmaður hafi alist upp með gullskeið í munni, þá er það alrangt. Willy fæddist og ólst upp við þau skilyrði sem margt af kynslóðum Íslendinga

síðustu aldar og þar áður þekkti vel. Lofoten er þekktur útgerðar- og fiskibær norðarlega í Noregi. Faðir Willy var útvegsbóndi, en hann féll frá þegar Willy var aðeins 12 ára gamall. Þá stóð móðir hans eftir með sjö börn, sum uppkomin en önnur ekki og þeirra yngst var Willy.

### **Af sjónum í háskóla**

„Ég byrjaði ungur að vinna í skólafríum yfir sumarið, í fiskinum og við að mála togarana. Móðir mín var góð en ströng og var því fylgjandi að við börnin ynnum. Hún sagði gjarnan að ef dagurinn entist ekki til að klára verkin þá væri nóttin eftir. Þegar ég var sextán ára réð ég mig á línubát sem var gerður út frá fiskiþorpi í Finnörku, sem heitir Båtsfjörður. Átján ára

var ég svo á togara og við vorum að veiðum í Barentshafinu. Ég dreif mig í háskóla til Brándheims og lærði þar efnafraeði sem var grunnurinn að minni menntun. Það átti síðan fyrir mér að liggja að starfa við áliðnaðinn í Noregi. Ég var að vinna í fimm ár hjá ÁSV sem seinna varð Norsk Hydro og síðan í 15 ár hjá Elkem.

Í janúar 1999 hafði síðan kunningi minn og vinur Björn Högdal þáverandi forstjóri Norðuráls á Grundartanga samband við mig. Þá voru einhver vandamál með framleiðsluna hér og hann bað mig að koma til samtals. Þegar ég lenti í Keflavík í byrjun febrúar þá tók Ísland á móti mér með bölvuðum ragnarökum, snjóstormi sem stóð nánast yfir í þessa þrjú sólarhringa sem ég stoppaði. Ég sá nánast ekkert af Íslandi í þetta skiptið en þetta var





allt í lagi, ég var vanur þessu frá mínum heimaslóðum.

Svo kom ég aftur til baka til Íslands 15. mars og byrjaði þá að vinna. Fyrst sem yfirmaður í kerskála, en fljótlega tók ég einnig af mér yfirumsjón með steypuskálanum og svo bættist skautsmiðjan líka við.

### **Þannig að það hefur verið meira en nóg að gera hjá þér?**


„Já en þetta var líka gaman mér líkaði vel að vinna með starfsmönnum í framleiðsludeildum Norðuráls. Þar þekktust ekki vandamál heldur bara lausnir og unnið að þeim lausnum með jákvæðni og bjartsýni að vopni. Það kom sér vel að ég var vanur að vinna mikið og mér leist strax vel á mig hérna. Fólkið vinsamlegt og gott og ég eignaðist fljótlega ágætis vini. Það skiptir mestu máli að samstarfsfólki sé gott og vinnuandinn góður,“ segir Willy sem hefur verið við hestaheilsu öll þessi þrettán ár sem hann hefur starfað hjá Norðuráli, hefur ekki orðið misdægurt og þess vegnar aldrei þurft að sleppa úr degi vegna veikinda.

### **Á gönguskíðum milli fjallaskála**

Willy bjó fyrstu þrjá mánuðina eftir að hann kom til starfa á Grundartanga, á Akranesi. Síðan fluttist hann til Reykjavíkur og bjó þar við Laugarásveginn í allmörg ár, síðustu þrjá árin hefur hann svo búið í Mánatúni. Þann tíma hefur hann starfað við uppbyggingu álvers Norðuráls í Helguvík. Willy er fjögurra barna faðir.

Aðspurður um áhugamálin segist Willy hafa

gaman af söng og í nokkur ár söng hann með Fríkirkjukórnum í Reykjavík. Hann segir að skíðamennska og útvíst höfði líka mikið til sín. Um árabíl hafi hann notað páskafríð til að skreppa til Noregs á gönguskíði. Þá gekk hann á sínum stálkantaskíðum milli fjallaskála, eða „hytta“ eins og þeir eru kallaðir í heimalandinu. Þetta var á svæðinu í Trollheimen. Hann lýsir



**Willy rétt áður að hann fór af landinu á dögnum.**

þessu göngusvæði í fjöllum sem þríhyrnu svæði. Leiðirnar milli skálanna eru allt upp í 33 kílómetra og hæðarmunur allt að 800 metrum þannig að gangan reynir þó nokkuð á. „Þetta er gríðarlega gaman. Maður nýtur þess virkilega að ganga þegar komið er fram á þennan tíma vetrarins. Stundum verður brattinn mikill og erfiðir eykst. Þá þarf ég stundum að setja skinn undir miðjuna á skíðunum til að vinna

á brattanum. Svo er voðalega gott að koma í skálann með bakpokann sinn og láta þreytuna líða úr sér.“

### **Keypti bjálkahús frá níttjándu öld**

Willy segist líka hafa mjög gaman af því að ferðast. Fyrst ferðaðist hann með tjald hérna á Íslandi, en svo fjárfesti hann í fellihýsi á því fræga ári 2007. Frá þeim tíma segist hann vera búinn að fara hringveginn fjórum eða fimm sinnum. Aðspurður hvað honum finnst fallegasti staðurinn á Íslandi segir hann að það sé svokallað Þakgil, sem er uppi í fjöllum um 15 km ofan við Vík í Mýrdal.

En Willy hefur líka komið sér upp afdrepi og hvíldarstað fyrir utan borgina. Fyrir tveimur árum keypti hann gamalt norskt timburhús á Stokkseyri. Þetta hús fluttu landar Willys upphaflega frá Noregi til Siglufjarðar í árdaga síldarævintýrisins þar, 1898. Húsið stóð á Siglufirði langt fram eftir síðustu öld og hét þar Amsterdam. Það var flutt frá Siglufirði til Sökkseyrar fyrir um 30 árum.


„Húsið var farið að láta á sjá. Núna er búið að skipta um þak, glugga, hurðir og klæðningar bæði utan og innan húss. Endurnýja lagnir, eldhús, innréttingar og gólfefni. Það er búið að taka húsið algjörlega í gegn, en það er samt í sínu upphaflega formi útlitslega séð. Ég er búinn að dunda í þessu mikið síðustu misserin og nú fer maður að njóta þess að dvelja í húsinu, meðal annars í fríum sem ég ætla að taka meðan ég starfa í Bandaríkjunum. Þá skrepp ég hingað heim til Íslands,“ sagði Willy að endingu.

## **Punktur**

- Vinna við lagnastokka milli rofabyggingu og afriðlabyggingu er lokið. Verið er að jarðvegsfylla svæðið.
- Vinna heldur áfram við lagningu aðalfráveitu frá verksmiðju niður í sjó.
- Búið er að steypa gólf rofabyggingarinnar og vinna er að hefjast við uppsteypu veggja.
- Steypun á undirstöðum fyrir leiðara í leiðarakjallara heldur áfram.
- Tekin hefur verið ákvörðun um að klæða kerskálana í sumar
- Verkfræðistofa Suðurnesja er að taka við eftirliti á Helguvíkursvæðinu.

## **Öryggishornið**

### **2011 - Helstu Athugasemdir**





## Spurning dagsins

Hver er uppáhalds þorramaturinn þinn?



**Heiðar Sveinsson**  
kerstjörn:

Súrsaðir hrútsþungar, sviðasulta og svínasulta. Og svo þetta hefðbundna harðfiskur og fleira góðmeti.



**Svavar Ingþórsson**  
kerskála:

Sviðasulta með kartöflumús og harðfiskur.



**Hilmar Sigvaldason**  
kerskála:

Harðfiskur og hangikjöt. Það er það eina sem ég borða af þorramat.



**Guðrún Birgisdóttir**  
rannsóknarstofu:

Hangikjöt og flatkökur.



**Anna Lís Evarsdóttir**  
kerskála:

Ég borða eiginlega ekki þorramat en hangikjöt er gott.

# Í þau gömlu góðu daga

Myndirnar eru teknar á fyrstu árum skautsmiðjunnar. Eins og þær sýna hefur tækninni fleygt fram á þessum árum. Á myndinni til hægri er Helga Björk Helgadóttir að hella kragasalla í pappamótin eins og gert var til margra ára. Í dag er komin sjálfvirk vél sem sinnir þessu verki en það þótti bæði óheilsusamlegt og óþrifalegt.



Helga er í dag starfsmaður á C-vakt í kerskála. Á myndinni vinstra megin eru tveir starfsmenn að steypa gaffla við forskaut. Verktilhögun var þannig að annar hélt gafflinum réttum með þar til gerðu handverkfæri á meðan hinn hellti bráðnum málminum í holurnar. Engan skal undra að þessir starfsmenn voru sveittir við þetta verk þar sem persónuhlífanar voru miklar, auk þess sem þeir voru að meðhöndla málmsmátt sem gat verið allt að 1500 gráðu heitur. Í dag er málminum hellt með svokallaðri steypuvél, þar sem starfsmaðurinn sem hellir situr inni í loftræstri og loftkældri vinnustöð. Sá sem heldur við gaffalinn er Sigurgeir Jóhann Aðalsteinsson sem var eitt sinn liðstjóri í skautsmiðjunni. Sá sem hellir er Svanur Ingi Halldórsson eigandi



verktaktafyrirtækisins Verkfells en hann er einmitt eiginmaður Helgu Bjarkar. Sífelld er unnið að framþróun hjá okkur og sem betur fer er tæknin að auðvelda verk eins og fram kemur á þessum myndum. Þá var öldin önnur í skautsmiðjunni.

Trausti Gylfason

## Hver er?

**Nafn:** Rafn Magnús Jónsson.

**Starf:** Sérfræðingur í vélbúnaði.

**Fæðingarstaður, -dagur:** Mosfellsbær, 5. nóvember 1981.

**Fjölskylduhagur:** Er í sambúð.

**Hvenær byrjaðir þú hjá Norðuráli?** 5. janúar 2012.

**Það skemmtilegasta fyrir utan vinnuna?** Dunda mér í jeppanum mínum.

**Aðaláhugamálið?** Fjallamennska hvort sem það er á snjósleða, jeppa eða fjórhjól.

**Uppáhaldsmatur?** Allur indverskur matur. Svo náttúrulega vel kæst skata.

**Uppáhalds drykkur?** Nesquick

**Ertu hjátrúafull/ur?** Nei.

**Hvaða persónu í mannkynssögunni vildir þú helst hitta?** Tutankhamun. (faró í Egyptalandi um 1300 f.kr.)

**Uppáhalds sjónvarpsefni?** Ég horfi sáralítið á sjónvarp, annars skilst mér að Ingví Hrafn á ÍNN sé á miklu flugi.



**Besta bókin sem þú hefur lesið?**

Það er Njála, því það er eina bókin sem ég hef lesið fyrir utan skólabækur.

**Hvaða hljómsveit eða söngvara heldur þú mest upp á?** Það er bara einn söngvari sem kemur til greina og það er Freddy Mercury.

**Uppáhalds íþrótt eða hreyfing?** Það er golf og badminton.

**Lýstu þér í þremur orðum?** Nánast óþolandi stundvís, smámunasamur og kaldhæðinn.

**Fallegasti staður á Íslandi?** Úff, þeir eru svo svakalega margir staðirnir. En ef ég verð að segja eitt þá er það sennilega Jökulgil í Landmannalaugum í haustlitum.

**Til hvaða lands langar þig mest að ferðast?** Machu Picchu, Perú.

Framtíðarplön? Komast niður fyrir 10 í forgjöf.

## Málhornið

### Silfur og gull

Í síðasta þætti var notað orðtakið að elda grátt silfur í merkingunni að eiga í erjum, eiga í útistöðum við einhvorn. Atvinnurekendur og launþegar hafa löngum eldað grátt silfur en virðast nú sitja á satts höfði, hafa slíðrað sverðin og hætt launakarpi. Orðtakið er gamalt í málinu; kemur m.a. fyrir í Eyrbyggju sem talin er hafa verið rituð á fyrri hluta 13. aldar.

En hvað er grátt silfur? Þegar silfur var brætt í deiglu kom í ljós hvort það var hreint eða svikið. Væri það blandað ódýrari málm, svo sem tini, varð það grátt. Hreint silfur kallaðist hvítasilfur. Að elda grátt silfur merkir því væntanlega að búa til svikinn gjaldmiðil í þeim tilgangi að hlunnfara viðskiptavin; í stað hreins silfurs að greiða með verðmínni málmblöndu, gjalda vöru lægra verði en um var samið. Það leiddi að sjálfsögðu til óvildar og sá sem preittaður var reyndi að ná sér niðri á svikaranum, leitaði hefnda og sá ekki fyrir endann á þeim samskiptum.

Í hugann kemur orðatiltækið „ekki er allt gull sem glóir“ og orðið glópagull en svo voru nefndir gullgljáandi krystallar sem oft finnast í bergi og sagt er að hafi örvað hjartslátt landeigenda. Ekki er um að ræða frumefnið gull heldur efnasambandið brennisteinskís. Þegar rætt er um góðmálma rifjast upp vísa Sölva Helgasonar, flakkara, heimspekings og listamanns; hann hafði nokkuð háar hugmyndir um sjálfan sig.

Ég er gull og gersemi,  
gimsteinn elskurikur.  
Ég er djásn og dýrmæti  
drottinn sjálfum líkur.

Trausti Gylfason

# TETRA er málið

Tetra er stafrænt talstöðvarkerfi með símamöguleika sem er sérsniðið að þörfum viðbragðsaðila þar sem hraði og öryggi skiptir máli. Tetra sem talstöðvarkerfi er mjög öflugt miðstýrt hópfjarskiptakerfi sem stofnanir, fyrirtæki og félagasamtök eða einstaklingar geta nýtt sér sem stjórnæki fyrir hröð og örugg samskipti. Hver Tetra stöð hefur sitt símanúmer sem hægt er að hringja úr og í innan Tetra kerfisins og einnig yfir í önnur símkerfi innanlands. Skilvirk og góð samskipti milli samstarfsaðila eru lykiliatriði þegar kemur að rekstri og öryggi vinnustaðarins. Þetta á bæði við í almennum daglegum rekstri og þegar neyðartilvik koma upp, t.a.m. straumleysi. Hjá Norðurál nýtum við okkur Tetra tæknina og eru Tetra stöðvarnar

okkar tryggasta samskiptatækið. Í desember 2011 fjölguðum við stöðvunum hjá okkur, fórum úr 12 stöðvum í 25 stöðvar. Meðfylgjandi er listi sem sýnir staðsetningu og fjölda stöðva.

- Framkvæmdastjórn 6 stk
- Háspennuteymi 7 stk
- Rafmagnsverkstæði 1 stk
- Skautsmiðja 1 stk
- Kerskáli 9 stk
- Steypuskáli 1 stk

Stöðvarnar voru allar endurförriðar og bætt við talhópum. Allir notendur Tetra, um 80 manns, fengu viðeigandi þjálfun og kennslu í notkun stöðvanna. Góð reynsla er nú þegar komin

á Tetra og sannaði það sig vel í straumleysinu 10. janúar síðastliðinn. Samskipti á milli deilda Norðuráls og samstarfsaðila (Landsnet) voru skýr og góð sem sýndi sig í samræmdum

vinnubrögðum í þessu neyðartilfalli. Næstu skref varðandi innleiðingu og notkun Tetra er að halda reglulegar verklegar æfingar til að tryggja og auka notkun Tetra stöðvanna. Það er ekki nokkur vafi á því að notkun Tetra hjá Norðurál er til mikilla bóta með tilliti til samskipta og öryggis.

**Niels E. Reynisson,**  
sérfræðingur á  
öryggissviði



## Þorablót

Það er alsíða á Íslandi að blóta þorra og Norðurlásmenn hafa ekki látið sitt eftir liggja í þeim efnum. Frést hefur að B og C vaktirnar í kerskálanum hafi haldið sitt þorablót á Fjörukránni í Hafnarfirði en þar hélt Árni Johnsen uppi fjörinu fyrir gesti. A-vaktin var í Jónsbúð á Akranesi þar sem steypuskálamenn tróðu meðal annars upp með söng. D-vaktin var líka með sitt blót í Jónsbúð og þar kom Magnús bóndi og var með skemmtiatriði. Eins og vera ber er mikið fjör og gaman á þessum skemmtunum. Einnig héldu frístudabændurnir Valdi í steypuskála og Benni í efnisvinnslunni ásamt bóndanum í Kjalardal þorablót í fjárhúsunum og buðu til sín góðum gestum. Meðfylgjandi mynd var tekin einmitt við það tækifæri en á henni má sjá Jakob Sigurðsson starfsmann á lager og Björn Jóhannesson hagyrðing og formann farartækjaverkstæðis.

*Aðalheiður Skarphéðinsdóttir*



## Sudoku

4	2		3		6			9			5		1	4			9		1		3	5
	5		4	8		9	3		5			1	6	2			5		3	8		
9	1	3		6	7			2			9		5				1					
			9						4	8		7			1				4	2	7	1
	9			1			8				3					3	2			9		4
					5				3		2		6	5		1	8	6	9			
1			8	2		3	7	5		9		8										4
	4	7		5	3		2		8		7	9		1				7	4			9
		5		9			6	8	1	6		5			4		2	3	9		5	

**Auðveld**

**Miðlungs**

**Erfið**



## Gaman að setjast á skólabeck að nýju

Mér finnst námið skemmtilegt og það er gaman að setjast á skólabeck, nýta tækifærið núna þegar það gefst," segir Hólmar Hreggviðsson á D-vakt í kerskála. „Það er sérstaklega gaman að rifja upp stærðfræðina og önnur fög. Þá er líka mjög gagnlegt að fræðast um álframleiðsluna í heild. Þegar við erum að vinna á afmörkuðu svæði í verksmiðjunni þá er svo margt þar fyrir utan sem maður hefur ekki þekkingu á. Ég held að þetta nám sé mjög gott og nauðsynlegt skref fram á við hjá fyrirtækinu," segir Hólmar.

Hann hefur starfað hjá Norðuráli frá því í apríl 2007, byrjaði þá í skautsmiðu, en fluttist yfir á kerskála seint á árinu 2008. Hólmar fæddist og ólst upp á Suðurnesjum en hefur búið á Akranesi eftir að hann hóf störf hjá Norðuráli.

Þegar Hólmar er spurður hvað hafi orðið til þess að hann sótti um nám í Stóriðjuskólanum, segir hann að gulrótin hafa vitaskuld verið sú að námið gefi möguleika á meiri peningum í launaumslagið, honum veiti ekki af enda sex barna faðir.



„Mig langar að auka þekkinguna á áliðnaðinum. Ég held að það sé sama hvar það er, að eftir því sem þekkingin er meiri verði vinnan auðveldari. Ég er í svokölluðum föstudagshóp í skólanum og líst vel á námið. Þetta er góður hópur og góðir kennarar. Það er að vísu ennþá verið að þróa námið að hluta til, en þetta lofar allt góðu," segir Hólmar Hreggviðsson.

## Sumarráðningar

Mikil vinna og skipulag liggur að baki sumarráðningum starfsfólks hjá Norðuráli ár hvert. Um 170 stöðugildi bætast við yfir sumarmánuðina, þar af ríflega 110 í framleiðsludeildirnar og um 35 í viðhaldsdeild.

Það er ánægjulegt að margir þeirra sem störfuðu hjá okkur í fyrra, og yfirmenn höfðu áhuga á að ráða aftur, munu snúa aftur til starfa í sumar. Nú lítur út fyrir að um 100 þeirra sumarstarfsmanna sem verða hjá okkur í sumar hafi starfað hjá okkur a.m.k. eitt sumar áður. Sumarstarfsmenn sem hafa starfað hjá okkur áður fara í lyfjapróf og endurþjálfun en umfang móttöku þeirra er minna en þeirra sem koma nýir inn. Auk þess má gera ráð fyrir að fyrri reynsla þeirra stuðli að vandaðri og öruggari vinnubrögðum en ella.



Auglýst var í Fréttablaðinu og Morgunblaðinu eftir nýjum sumarstarfsmönnum í janúar, auk auglýsinga í Skessuhorni og Póstinum. Alls bárust 378 umsóknir áður en umsóknarfrestur rann út 29. janúar. Þar af voru 209 af höfuðborgarsvæðinu, 124 af Vesturlandi og

15 annars staðar af landinu. Tæpur þriðjungur umsækjenda voru konur. Fyrstu viðtöl vegna sumarflýsinga fóru fram 8., 9. og 10. febrúar en þessa þrjá daga mættu ríflega 100 umsækjendur í viðtöl.

Helga Björg Hafþórsdóttir hefur borið hita og þunga af sumarráðningunum og heldur alfarið utan um skipulag ráðninga í framleiðsludeildirnar. Borghildur Magnúsdóttir sér síðan um skipulag ráðninga á iðnaðarmönnum. Fjöldi yfirmanna og fleiri starfsmenn á mannaússviði taka síðan þátt í viðtölum og Hafsteinn Gunnarsson á öryggisviði hefur sýnt umsækjendum svæðið þegar þeir koma í viðtöl. Hér er því um samhent átak í mörgum deildum að ræða.

*Rakel Heiðmarsdóttir mannaússtjóri*

## Gestur án persónuhlífa

Í illviðrinu um daginn fengum við óvænta heimsókn í kerskálana. Málsatvik voru þau að tveir vélvirkjar sem voru að sinna viðhaldi á reykheinsivirki númer 3 urðu varir við dílaskarf þar sem hann var á vappi í garðinum við virkið. Mikili fannfergi var þegar þetta gerðist, gekk á með útsynningi, suðvestanhraglanda; leiðindaveður. Svo virtist sem skarfurinn hefði leitað sér skjóls í garðinum. Síðar um daginn sáu þessir sömu menn skarfinn aftur og ákváðu þá að athuga hvort fuglinn væri særður eða eitthvað vankaður, enda ekki í sínu rétta umhverfi. Þegar



þeir hugðust gefa sig að honum flaug hann inn um akstursdyrnar milli skála C og D, snaraði sér inn í D-skálann og flaug lágflug innandyra frá C-90 niður að D-20 og lenti þar úti við vegg. Þar handsömuðu vélvirkjarnir gestinn, tóku hann undir sinn verndarvæng og fórum með hann út fyrir hlið og slepptu honum niðri í fjöru. Fuglinn varð feginn frelsinu enda búinn að fá sig fullsaddan af áltöku og skautskiptum þann daginn. Að lokum lásu vélvirkjarnir gestinum pistilinn að vera ekki að þvælast innan girðingar án persónuhlífa.

*Trausti Gylfason*

## Keilufélag Norðuráls

Tímar í kjallara íþróttahússins við Vesturgötu annan hvern fimmtudag frá og með 23. febrúar kl. 20.

Nánari upplýsingar veita Finnur (s: 690-2100) og Uche (s: 866-0374) sem báðir eru á B-vakt í kerfóðrun.